

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um árangursmælingar á sérkennslu í grunnskólum**

Á fundi borgarráðs, 9. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir því að fá upplýsingar um árangursmælingar á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Miklu fé er varið til sérkennslu á hverju ári, nálægt fimm milljörðum, sem er hið besta mál. Í ljósi þess þarf að spyrja hvort framkvæmd sérkennslu sé vel skilgreind og einstaklingsmiðuð og hvort hún skili viðunandi árangri og heildarsýn. Hætt er við því að afleiðing þess að skólar verði ekki rýndir með faglegum og vísindalegum hætti, verði um fátt annað en hálfkák að ræða og ekki fáist heildarmynd af árangri sérkennslunnar. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði stendur ekki til að framkvæma miðlægar árangursmælingar á sérkennslu en það getur haft það í för með sér að samanburður á milli skóla verður örðugri. Þess í stað á að styðjast við sérstaka handbók fyrir deildarstjóra stuðningsþjónustu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Óskað er eftir upplýsingum um það hvort og hvernig skóla- og frístundasvið mun halda utan um notkun handbókarinnar, fylgjast með því hvort og hvernig henni er fylgt og hverjar niðurstöðurnar verði.*

#### **Svar:**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur gerði síðast úttekt á stoðþjónustu í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2019 – 2020 og má sjá [hér](#).

Eðli málsins samkvæmt eru málefni einstakra nemenda einstök og ekki hægt að gera samanburð á árangri milli barnahópa og skóla. Áherslan er á einstaklingsnámskrá og við endurmat þeirra er metinn persónulegur árangur nemandans.

Einhvers misskilnings hefur gætt um gerð og notkun handbóka fyrir sérkennslustjóra í leikskólum, deildarstjóra stoðþjónustu í grunnskólum og forstöðumenn í frístundastarfi. Þeim er ekki ætlað að meta á nokkurn hátt framgang sérkennslu. Meginmarkmið með gerð handbóka er að vera leiðbeinandi fyrir þá einstaklinga sem stýra framkvæmd sérkennslu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi og til að samræma framkvæmd stoðþjónustu í borginni.

Þess má einnig geta að stofnað hefur verið lærdómssamfélag þeirra sem stýra stoðþjónustu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi og hafa það starfað í nokkur ár. Markmið með lærdómssamfélagi sérkennslustjóra er að eiga samtal um starfið til að sérkennslustjórar hafi tækifæri til að kynnast, efla þekkingu sína og færni í starfi. Þá gefst tækifæri til að ræða það sem liggur sérkennslustjórum á hjarta og ræða dagleg viðfangsefni í bland við fræðilegt efni. Lærdómssamfélagið gefur sérkennslustjórum tækifæri til að rýna í eigið starf og þróa það áfram.